



Sérreglur Fjallabyggðar
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MAR22090160
Málalyklar: 05.04.03 Byggðakvóti
Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 12.01.2023
Dagsetning skjals: 12.01.2023

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Bragi Freyr Kristbjörnsson"
<bragi@fjallabyggd.is>

Notandi: "Bragi Freyr Kristbjörnsson" <bragi@fjallabyggd.is>
Dagsetning: 12.1.2023 13:30:04
Til: "Matvælaráðuneyti" <mar@mar.is>
Afrit til: "Sigríður Ingvarsdóttir" <sigga@fjallabyggd.is>
Efni: Afgreiðsla á tillögum sveitarstjórnar um sérstök skilyrði vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023

Góðan daginn,

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur á 225. fundi sínum samþykkt eftirfarandi tillögur að sérreglum um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu:

2212033 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022 - 2023

Lagt er til að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð verði með þeim hætti að heimilt verði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn.

Ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:

a)

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, þó að hámarki 80

Þorskígildistonn á fiskiskip.

b)

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c)

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

Hvað varðar rökstuðning vegna staflíða a til c vísast til rökstuðnings fyrri ára.

Bókun bæjarstjórnar má sjá í meðfylgjandi fundargerð, sem undirrituð var rafrænt.

Vinsamlegast staðfestið móttöku og leiðbeinið um frekari aðgerðir af okkar hálfu.

Bestu kveðjur

[IMAGE]

Bragi Kristbjörnsson
Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála
Beinn sími: 464 9104 / 868 9104
Netfang: bragi@fjallabyggd.is

Gránugötu 24
580 Siglufjörður
Sími: 464 9100 / Fax: 464 9101

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



- image001.jpg



- Bæjarstjórn Fjallabyggðar - 225_undirritað.pdf